



Reykjavík 5. apríl 2022

Kæri atvinnurekandi

Við hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins upplifum enn mikið álag vegna heimsfaraldursins, influensu og annarra sjúkdóma og erum að leita allra leiða til að létta á okkar góða starfsfólki eins og mögulegt er. Nú biðjum við atvinnurekendur um að hjálpa okkur með því að sleppa því ef mögulegt er að óska eftir því að starfsfólk sem hefur hlotið bata af Covid-19 sýni fram á veikindi sín með læknisvottorði.

Starfsfólk okkar hefur bent á það undanfarna daga að talsvert er um að fullfrískt fólk komi á heilsugæslustöðvar í þeim tilgangi að afla slíkra vottorða. Það gæti enn færst í aukana nú þegar minni áhersla er á að taka PCR-próf og hraðprófum hefur að mestu verið hætt. Það er mjög erfitt að réttlæta að fólki sem stigið er upp úr veikindum sé stefnt á heilsugæsluna til þess eins að fá vottorð fyrir vinnuveitanda þegar svo margir þurfa á lækniástoð að halda.

Ef það er regla á þínum vinnustað að starfsfólk þurfi að skila slíkum vottorðum væri mikil hjálp í því ef þú, eða eftir atvikum aðrir stjórnendur, gætuð gert í það minnsta tímabundna undanþágu frá þeirri reglu og upplýst starfsfólk um þá breytingu. Það gæti létt umtalsvert á okkar góða starfsfólki, sem staðið hefur í ströngu undanfarin ár og gerir það enn.

Svipað gildir um einstaklinga sem fara í einkennasýnatöku og fá sjálfvirk vottorð sem gilda í fimm daga. Ef veikindi standa lengur en í þessa fimm daga hvetjum við þig og aðra stjórnendur til að sýna því skilning og sleppa því að óska eftir nýju vottorði.

Við vitum að atvinnurekendur, eins og aðrir í íslensku samfélagi, hafa gert sitt til að takmarka eins og hægt er áhrif heimsfaraldursins. Ef þið gætuð staðið með okkur áfram með þessum hætti væri það frábært.

Fyrir hönd heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,

Óskar Reykdalsson
Forstjóri